

Umsögn - frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum (uppbygging innviða) 144. mál - 2210020

Skipulags- og byggingarnefnd Árborgar telur fyrirhugaða breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010, jákvæða, sem muni auka skilvirkni og framgangi áætlana um framkvæmdir tengdar flutningi raforku. Með breytingunni er einblínt á ákveðinn verkþátt sem verður vonandi til þess að einfalda skipulagsferlið, og verður þá síður hætta á að verkefni tefjist svo sem vegna skipulagsmála sveitarfélaga eða annarra þátta.

Skipulags- og byggingarnefnd Árborgar telur jákvætt að taka flutningskerfi raforku út fyrir sviga, og verði ekki sérstaklega háð eða tengt vinnu við skipulagsgerð sveitarfélaga eða annari skipulagsvinnu í stærra samhengi.

Þannig er hugsanlega hægt að koma í veg fyrir að við endurskoðun eða gerð nýs aðalskipulags sveitarfélaga stöðvist ekki eða hægi verulega á, vegna ágreinings um raforkuflutningsmál.

Skipulags- og byggingarnefnd telur þó rétt að minna á að við slíka breytingu á skipulagslögum beri að huga sérstaklega að því að skerða ekki skipulagsvald sveitarfélaga.